



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM TILNEFNINGU MIÐLÆGS MÓTAÐILA Í GREIÐSLUÞJÓNUSTU



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM TILNEFNINGU MIÐLÆGS
MÓTAÐILA Í GREIÐSLUÞJÓNUSTU

2023 nr. 3

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 23. mars nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR um tilnefningu miðlægs mótaðila í greiðsluþjónustu.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um greiðslustofnanir samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021.

2. gr.
Miðlægur mótaðili.

Um tilnefningu miðlægs mótaðila og hlutverk hans skv. 33. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, fer eftir ákvæðum reglugerðar (ESB) 2020/1423, sbr. 3. gr.

3. gr.
Innleiðing reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1423 frá 14. mars 2019 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um viðmiðanirnar fyrir tilnefningu miðlægra tengiliða á sviði greiðsluþjónustu og um hlutverk þessara tengiliða, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2021 frá 19. mars 2021. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 9. mars 2023, bls. 1-3.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 3. mgr. 114. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021, öðlast þegar gildi.